

# FUNDARGERÐ

126. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, þriðjudaginn 15. nóvember 2005 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

## I. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri.

### 1. Fjárhagsáætlun 2006

Kristín leggur fram fjárhagsáætlun 2006.

Gert er ráð fyrir rekstrarkostnaður að skólans verði 9.935 millj.kr. þarf af launakostnaður 9.531 millj.kr. Gert er ráð fyrir nokkurri launahækkun síðari hluta árs þar sem samningar tónlistarkennara eru þá lausir. Tvö stöðugildi eru við skólann en stöðugildi eru ekki að fullu nýtt.

Fram kom að fullt einstaklingsnám eru tveir tímar á viku, annar þeirra tónfræði. Þetta er hálfum tíma meira í tónfræði en áður var og breyttist með nýrri námsskrá. Nemendur sitja nokkrir saman tónfræðitíma.

Afgreiðslu frestað.

Kristín yfirgefur fundinn.

## II. Leikskólinn

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri.

### 1. Fjárhagsáætlun 2006

Aðalheiður leggur fram fjárhagsáætlun 2006.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður skólans verði 16.077 millj. kr. þar af launakostnaður 13.548 millj.kr.

Gert er ráð fyrir 60% stöðu í 5 mánuði til að mæta ófyrirséðum afleysingum og aukavinnu þar af 16 vikur vegna afleysingar vegna starfsfólks í námsleyfi.

Afgreiðslu frestað.

Aðalheiður yfirgefur fundinn.

## III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara og Kristján Kristjánsson fulltrúi foreldra.

### 1. Fjárhagsáætlun 2006

Kolbrún leggur fram fjárhagsáætlun 2006.

Gert er ráð fyrir að rekstarkostnaður verði 81.025 mkr þar af launakostnaður 57.500 mkr. Gert er ráð fyrir sömu starfshlutföllum utan hálf staða þroskaþjálfara sem fellur út 1. júlí. Gera má ráð fyrir að unnt sé að fækka sérkennslutímum um 10-15 (u.þ.b. ½ staða, á eftir að draga frá í áætlun).

Afgreiðslu frestað.

### 2. Önnur mál.

#### a) Húsnæði

Kolbrún leggur áherslu á að komist verði fyrir leka á vesturálmum og gólfefni endurnýjuð.

Einnig minnir hún á að mynd- og verkmennt sé í bráðabirgðahúsnæði og veltir fyrir sér hvort rifja þurfi upp hugmyndir um að leysa alla húsnæðisþörf skólans á sama stað með viðbyggingu.

Ljóst sé að verkmenntaaðstaðan sé ófullnægjandi og leggja þurfi í kostnað til að koma henni í ásættanlegt horf.

**b) Skóladagvist.**

Kolbrún leggur fram upplýsingar um frístundaheimili frá Reykjavíkurborg.

**c) “Hvað Ef” skemmtifræðsla**

Kristján leggur fram upplýsingar um leikrit hjá Hafnarfjarðarleikhúsinu sem hefur forvarnargildi. Fundarmönnum líst vel á þetta og Kristján og Kolbrún skoða málið.

Kolbrún, Gunnar og Kristján yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

**Fundi slitið kl: 19:06.**

_____ Sigrún Guðmundsdóttir	_____ Þorgerður Einarsdóttir Formaður	_____ Bergþóra Ástþórsdóttir
_____ Ragnheiður Högnadóttir		_____ Andrína Erlingsdóttir